

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf
Lágmúla 6
108 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 16.12.2008
Tilv. 2008/1775 - 2.0.01
þAÁ

Efni: Ákvörðun Neytendastofu í tilefni skilmálabreytingar Frjálsa fjárfestingarbankans

Með bréfi Neytendastofu til Frjálsa fjárfestingabankans hf., dags. 26. nóvember 2008, var óskað skýringa á ófrávíkjanlegri kröfu bankans um breytingu á skilmálum veðskuldabréfa í erlendi mynt hjá þeim lánþegum bankans sem óska eftir frystingu lána. Í veðskuldabréfunum segir að lánið sé bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á þeim myntum sem lánið var tekið. Skilmálabreytingin felur í sér að ekki er lengur miðað við sölugengi Seðlabankans heldur umreiknast erlend upphæð, afborgun og vextir á gjalddaga, yfir í íslenskar krónur miðað við sölugengi kröfuhafa á útreikningsdegi. Tilefni bréfsins var að Neytendastofu þótti skilmálabreytingin vera til þess fallin að vera mjög íþyngjandi fyrir lánþega bankans þar sem veðskuldabréfin ná oftast yfir langt tímabil og geta gengið kaupum og sölum. Ómögulegt er að vita hver kröfuhafi verður í framtíðinni og hvernig sölugengi hans er reiknað út á útreikningsdegi.

Svar Frjálsa fjárfestingabankans til Neytendastofu er dags. 9. desember 2008. Þar kemur fram að bankinn telji skilmálabreytinguna ekki íþyngjandi fyrir lánþega og geti þvert á móti verið honum til hagsbóta. Eftir breytinguna geti lánþegi greitt upp lán sitt nánast fyrirvaralaust í stað þess að þurfa að bíða í allt að sólarhring eftir viðmiðunargengi Seðlabankans. Aðrar fjármálastofnanir sem láni myntkörfulán heimili greiðslu afborgana af erlendum lánum í íslenskri mynt miðað við sitt eigið gengi. Þá segir að Frjálsi fjárfestingabankinn muni einsetja sér það markmið að bjóða ávallt hagstæðasta gengið sem í boði er á markaði á hverjum tíma. Þá hafi lánþegi heimild til að greiða upp myntkörfulán bankans án uppgreiðslugjalds með myntum sem keyptar séu á markaði þar sem gengi er hagstæðast á hverjum tíma.

Af bréfi Frjálsa fjárfestingabankans verður ekki annað ráðið en að bankinn muni eiga veðskuldabréfin áfram og bjóða lánþegum ávallt hagstæðasta gengið sem völ er á. Komi til uppgreiðslu lánsins þurfi lánþegi ekki að kaupa myntina á gengi bankans heldur sé honum frjálst að kaupa þá mynt sem greiða skal hvar sem er.

Í skilmálabreytingunni segir:

„*Erlend upphæð á gjalddaga, afborgun og vextir, umreiknast yfir í íslenskar krónur m.v. sölugengi kröfuhafa á útreikningsdegi...“*

Að mati Neytendastofu er orðalag skilmálabreytingarinnar í engu samræmi við það sem fram kemur í bréfi bankans til stofnunarinnar. Í henni felst að sú erlenda mynt ásamt vöxtum sem greiða skal skuli greiðast í íslenskum krónum á sölugengi kröfuhafa sem getur verið hver sem er enda geta veðskuldabréf þau sem hér um ræðir gengið kaupum og sölum og gengi kröfuhafa því verið hvað sem er. Ekki er einu sinni boðið upp á þann möguleika að greiða af láninu í erlendri mynt sem lánþegi gæti aflað sér annarsstaðar. Skilmálabreytingin er verulega íþyngjandi fyrir lánþega og til þess fallin að raska mjög fjárhagslegri hegðun hans. Skilmálabreytingin er því í andstöðu við 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 um efirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá er krafan um breytingu á skilmála bréfanna gerð við verulega erfiðar aðstæður lánþegans og af því tilefni vill Neytendastofa vekja athygli á 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Með vísan til 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 gerir Neytendastofa þá kröfu að Frjálsi fjárfestingabankinn felli brott framangreinda skilmála eða breyti þeim til samræmis við það sem fram kemur í bréfi bankans til stofnunarinnar, dags. 9. desember 2008, til þess að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða skv. IX. kafla laga nr. 57/2005. Taki breytingin bæði til framtíðar og til þeirra veðskuldabréfa þar sem skilmálabreytingin hefur þegar tekið gildi..

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar neytendamála, pósthólfi 8852, 128 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Pórunn Anna Árnadóttir
Pórunn Anna Árnadóttir